



Bókagjöf

Hermanns Kjartanssonar stærðfræðings

SÝNING Í ÞJÓÐARBÓKHLÖÐU - ÖPNUÐ 8.9. 2023

Hermann Kjartansson stærðfræðingur hefur gefið Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni höfðinglega gjöf bóka um stærðfræði auk nokkurra bóka um skyld efni, stærðfræðilega eðlisfræði, stjarnfræði og tölvunarfræði. Allar bækurnar í gjöfinni, um það bil 100 talsins, eru nýlegar og vel með farnar. Bróðurparturinn er ætlaður nemendum í framhaldsnámi og öðrum sem stunda rannsóknir í stærðfræði og skyldum fögum. Bókum sem ætlaðar eru nemendum í grunnnámi í stærðfræði verður stillt upp hér í stærðfræðihillum safnsins, en kennslubókum fyrir framhaldsnema og rannsóknaritum tverður stillt upp í safndeildinni í Tæknigarði.

Markmið sýningarinnar er fyrst og fremst að sýna Hermanni Kjartanssyni þakklæti fyrir höfðinglega gjöf, en einnig að vekja athygli á því að stærðfræðisafnið á Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni er eitt besta sérhæfða safn rannsóknarita Háskóla Íslands og líklega allra besta sérhæfða safn bóka sem gefnar eru út hjá alþjóðlegum forlögum. Þessi staðreynd er einmitt að þakka höfðingjum, sem arfleitt hafa heilu einkasöfnin, keypt hafa bækur og gefið á safnið, eða eins og Hermann, gefið hafa hluta af einkasafni sínu.

Sýningunni er einnig ætlað að kynna nemendum í stærðfræði Þjóðarbókhöðuna sem vettvang til þess að skoða bækur og vinna verkefnavinnu. Bókasafnið er rétti staðurinn fyrir þannig vinnu, því mun árangursríkara er að lesa fræðilegan texta á bók en í farsíma eða á fartölvuskjá.